

9. fundur *Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í mennta- og menningarmálaráðuneytinu* 6. október 2015, kl. 10.30-15.

Mættir:

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Edda Kjartansdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Kristín Valsdóttir, Sigurbjörn Marinósson, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.


Eftirfarandi höfðu tilkynnt forföll: Anna María Gunnarsdóttir, Björk Óttarsdóttir (nýr fulltrúi ráðuneytisins), Guðmundur Engilbertsson (varamaður María Steingrimsdóttir forfallaðist einnig), Gunnar Gíslason, Ragnheiður Stefánsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Sigrún Grendal.

Dagskrá og inngangur

Sigurjón setti fundinn, fór yfir dagskrá og bauð fólk velkomið. Hann ræddi að nú væri að hefjast lokakaflinn í starfi fagráðsins og fór yfir hlutverk fagráðsins og hvert væri verkefni okkar. Starfstími ráðsins er til loka febrúar.

- Staða vinnunnar og starfið framundan
- Lokaskýrsla – uppbygging og efnisatriði
- Tímamörk vinnuþátta og tímasetningar fagráðsfunda
- Hlutverk, ábyrgð og skyldur – umræða um afstöðu fagráðsins
- Hvað er gott í núverandi tilhögun starfsþróunarmála? – umræða
- Önnur mál

Staða vinnunnar og starfið framundan



Útskýringar á skammstöfunum:

RHA: Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri

vh: vinnuhópur

fr: fagráð

sth: stýrihópur

op.f.: opinn fundur

>>: stefnumótun

Þessari mynd var brugðið upp á tjald og hún rædd. (Myndina má einnig opna á slóðinni: <http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/vinnan3.jpeg>) Verkefni fagráðsins er að móta stefnu sem birtist svo í skýrslu. Almennt er fólk á því að skýrslan verði ekki mikil vöxtum, en þeim mun bitastæðari og byggi á traustum grunni. Fjölbreytt starf og umræða á opnum fundum og ráðstefnu, skýrslur og greinargerðir vinnuhópa og aðfengið efni, ásamt viðtölum við sérfræðinga er meðal þess sem unnið er með. Myndin gefur yfirlit yfir vinnu okkar hingað til og hvað er framundan. Gular blöðrur vísa til þess sem er búið eða er í gangi, grænar til þess sem eftir er að gera. Allt er þetta liður í að móta stefnuna og síðan vinna skýrslu til afhendingar.

Kennaramenntun

Aðalheiður og Jón Torfi hafa sérstaklega unnið að undirbúningi starfs vinnuhóps um kennaramenntun sem nú er að fara af stað. Í honum verða fulltrúar sem hér segir: Tveir frá KÍ (fulltrúi kennara og skólastjórnenda), einn frá menntamálaráðuneytinu, einn frá sambandinu og þrír frá háskólunum. Aðalheiður fylgdi úr hlaði uppleggi vinnunar eins og þau sjá hana fyrir sér (sjá: <http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/kennaramenntunlengraB.pdf> og <http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/kennaramenntunlengraBfylgi.pdf>). Lögð var áhersla á að um væri að ræða drög sem mætti breyta. Formenn skólamálanefnda hafa skoðað þetta einnig og komið með athugasemdir. Viðfangsefni hópsins tengist skilningi og skilgreiningu á því hvað felst í starfsþróun. Í auknum mæli er farið að tala um grunnmenntunina sjálfa sem starfsþróun og eins er gengið út frá því í grunnnámi að námi ljúki ekki við útskrift heldur haldi áfram alla starfsævina. Fólki leist vel á upplegg þeirra Aðalheiðar og Jóns Torfa. Rætt var um að viðfangsefnið væri umfangsmikið og það yrði að passa að fara ekki of langt í þessari vinnu. Einnig rætt um að hugsanlega mætti sleppa einhverjum köflum (bls. 2), en gott væri að hafa þá þarna svona marga í upphafi og taka frekar út síðar. Vinna þessa hóps ætti að falla vel að því sem fagráðið er að gera að öðru leyti.

Lokaskýrsla - uppbygging og efnisatriði

Næst var sjónum beint að skýrslunni sjálfri og hún rædd. Drög að efnisyfirliti var lagt fram til umræðu (sjá: <http://starfsthrounkennara.is/stefnumotunarvinna/> (efst)). Í dálki til vinstri koma fram kaflar og > undirkaflar. Röðin er rökrétt framan af, en ekki endilega er lengra líður. Miðjudáلكur segir til um innihaldið og síðan eru nánari athugasemdir í dálki til hægri. Sums staðar hafa verið settir inn broskallar, en þeir eiga að tákna að þar geti verið settar fram tillögur. Mögulega ættu að vera broskallar víðar. Tillögurnar í heild sinni eru einnig settar fram í kaflanum *Framtíðarsýn*.

Varpað var fram hugmyndum um lengd skýrslunnar og stóð talan 25 blaðsíður uppúr þeirri umræðu. Ábending kom fram um að gott væri að setja niður umfang (blaðsíðufjöldi) og markmið með hverjum kafla sem væntanlega væru ólík. Rætt var að líklega mætti fækka köflum. Sigurjón taldi að tveir fyrstu kaflarnir (*Inngangur* og

Framtíðarsýn) væru meginkaflarnir, þar væri stefnan sjálf sett fram. Það sem á eftir fylgdi væri nánari umfjöllun og rökstuðningur. Bent var á mikilvægi þess að skýrslan yrði sett fram á aðgengilegan hátt.

Fleiri athugasemdir:

efni skipunarbréfs fari í inngang,
kaflinn *Framtíðarsýn* ætti kannski að heita eitthvað annað, t.d. *Niðurstöður*,
kafla um fagráðið ætti að vera mjög framarlega en ekki aftast,
í staðinn fyrir *Fjármál* mætti tala um *Þjargir*
kafla um skipulag ætti að vera framar.

Fólk er annars beðið að koma athugasemdum til Sólrúnar.

Tímamörk vinnuþátta og tímasetningar fagráðsfunda

Tímasetningar fyrir fagráðsfundi voru ákveðnar sem hér segir:

26. nóvember kl. 10.30-16

11. janúar kl. 13-16

19. febrúar kl. 13-16

Stefnt skal að afhendingu á hlaupársdegi 2016!

Á nóvemberfundi væri fjallað um mótun stefnunnar, í janúar væru komin drög að skýrslunni og í febrúar væri farið yfir texta sem að megninu væri komin og skýrslan undirbúin fyrir snurfus.

Rætt um aðkomu fagráðsins í heild að vinnunni. Talað um verðmæti þeirrar vinnu sem fram fer á fagráðsfundum, en einnig var rætt um mikilvægi þess að fólk fyndi sig í að koma með athugasemdir og hafa áhrif. Fagráðsfulltrúar mega einnig vænta þess að leitað verði sérstaklega til þeirra um ákveðin atriði.

Í þessu samhengi var talað um hvað vinnusvæðið á vefnum hjálpar. Þar er hægt að setja inn efni sem allir geta fylgst með, brugðist við og fylgst með þróuninni á.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur - umræða um afstöðu fagráðsins

Þetta er mikilvægt viðfangsefni í starfi fagráðsins. Það sem gert hefur verið fram að þessu er eftirfarandi:

- Bréf send til fulltrúa í stýrihópi. Ætlast var til að þeim yrði svarað í samvinnu við baklandið.
- Svörin kynnt í fagráði.
- Opinn fundur í Gerðubergi: stutt kynning á svörum og umræða hópa um ákveðin viðfangsefni þeim tengdum.
- Útdrættir úr svarbréfum ásamt samantekt umræðupunkta frá Gerðubergsfundi.

Verkefni þessa fagráðsfundar var að tengja þetta við stefnumótun fagráðsins. Þar skyldi lögð áhersla á að horfa til framtíðar og reyna að sjá út leiðir til úrbóta, eða eru a.m.k. í þá átt og vera ekki of föst í því sem er. Útdráttunum og samræðupunktunum var dreift. Þá má sjá á vef fagráðsins, nánar tiltekið á vinnusvæði undir *Stefnumótun > hlutverk, ábyrgð og skyldur*.

Skipt var í þrjá hópa og unnu þeir með þessar spurningar:

- Hvað í þessu efni viljið þið að komi fram í stefnu fagráðsins og hvernig?
- Setjið fram hvaða afstöðu fagráðið ætti að taka varðandi það viðfangsefni sem ykkur var úthlutað.

Viðfangsefni hóps A:

Skipulag starfsþróunar (bls. 3-5*)

Ólíkar aðstæður skóla og ólíkar aðstæður kennara eftir búsetu (bls. 5-6*)

Mismunandi hópar kennara (námsgreinar, skólastig og fleira) (bls. 7-8*)

Innihald og form starfsþróunar eða símenntunar og á hvaða þætti ber að leggja áherslu varðandi hvorn þessara þátta fyrir sig? (bls. 9*)

Viðfangsefni hóps B:

Hvernig koma ólíkir hagsmunaaðilar að stjórn málefna starfsþróunar? (bls. 6-7*)

Samstarf við aðra hagsmunaaðila, hvaða fyrirkomulag samráðs er farsælast til að efla þennan þátt? (bls. 10-11*)

Öðrum bent, ráð og ábendingar til hinna (bls. 14-16*)

Viðfangsefni hóps C:

Fjármál, fyrirkomulag, hvað þarf að leggja áherslu á, betrubæta (bls. 11-14*)

Þegar fólk hafði lesið og rætt sitt efni og skráð niður tillögur sínar fór fólk á milli hópa og ræddi hugmyndirnar, kom svo aftur saman í heimahópnum og gekk frá tillögunum.

Niðurstöður hópanna má sjá á vef fagráðsins á lokuðu vinnusvæði fagráðs, *Stefnumótun > hlutverk, ábyrgð og skyldur*.

Hvað er gott í núverandi tilhögun starfsþróunarmála? – umræða

Þegar hingað var komið í dagskránni var fundartími að renna út, en fólk var beðið um að íhuga þessa spurningu en umræðum um hana var frestað þar til síðar.

Önnur mál

Rætt um að línur séu að verða ljósar um það hvert fagráðið vilji stefna og óhætt væri að fara að setja niður texta, því það geti auðveldað fólki að koma með viðbrögð.

Sólrún Harðardóttir fundarritari

* hér er vísað í skjalið með útdráttum frá aðilum fagráðsins, en fólk átti einnig að skoða samsvarandi kafla frá umræðum í Gerðubergi.